



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Póstkassakeppni
Efnt hefur verið til
samkeppni um best þrýdda
póstkassa Eyjafjarðarsveitar.



FÓLK

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

23. júlí 2012
171. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þarf vefsíu gegn barnaklámi

Yfirmaður kynferðisafbrotadeildar vill taka upp norska vefsíu sem hindrar notkun á efni sem sýnir börn á klámfenginn hátt. Íslenska lögreglan leggur efni í gagnagrunn. Beðið er lagabreytinga til að taka kerfið upp.

FJARSKIPTI Lögregla telur mikilvægt að Ísland gangi inn í samstarf um netvarnir til að sporna gegn dreifingu myndefnis sem sýnir börn á kynferðislegan hátt. Samkvæmt nýjum lögum liggur allt að tveggja ára fangelsi við því að skoða slíkt efni á netinu. Norsk vefsía stöðvar þúsundir heimsóknna á barnaklámssíður þar í landi á hverjum degi.

Í frétt Aftenposten segir frá síunni, sem gengur undir nafninu CSAADF (Child Sexual Abuse Anti Distribution Filter), en hún er þróuð af norsku lögreglunni og fjarskiptafyrirtækinu Telenor.

Sían gengur á gagnagrunni um eitt þúsund vefsíðna sem skilgreindar hafa verið sem ólöglegar. Reyni netnotandi að fara inn á síðuna fær hann upp skilaboð um

Við vitum af þessu og höfum lengi talið þörf á að komast inn í samstarfið.

BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON
AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN

að síðan sem hann hafi ætlað inn á innihaldi ólöglegt efni. Þessi skilaboð koma upp um 15 þúsund sinnum á sólarhring hjá notendum í Noregi.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisafbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir í samtali við Fréttablaðið að íslensk yfirvöld þekki umrætt kerfi og mikilvægt sé að það verði tekið upp hér á landi.

„Við vitum af þessu og höfum lengi talið þörf á að komast inn í samstarfið. Þetta er liður í því að hamlu því að slíkt efni streymi inn á einkatölvur.“

Sían er ekki ætluð til þess að klófesta þá sem lenda í henni þar sem hún geymir hvorki IP-tölur eða aðrar upplýsingar viðkomandi. Markmiðið er að stöðva dreifingu en að auki hefur sían þau áhrif að trufla forrit sem eigendur síðnanna nota til að innheimta gjald af notendum.

Frá árinu 2009 hefur sían staðið öllum 190 aðildarríkjum Interpol til boða, en aðeins átta þeirra hafa þegið boðið. Þar á meðal eru Danmörk, Svíþjóð og Finnland, en ekki Ísland.

Björgvin segir að lögreglan hafi nýlega hafið samstarf við

Europol um að greina myndefni af ofbeldi gegn börnum til að efla fjölþjóðlega gagnagrunna, þar á meðal CSAADF.

Málið hafi verið rætt innan lögreglunnar en sé nú á borði innanríkisráðuneytisins.

Frá ráðuneytinu bárust þau svör að í frumvarpi um léna-mál séu ákvæði sem breyti lagarammanum að því leyti að Póst- og fjarskiptastofnun fái heimild til að loka ákveðnum lénum og vefsvæðum. Það ætti að vera grundvöllur fyrir beitingu úrræða á borð við CSAADF síunnar hér á landi.

Ekki tókst að koma frumvarpinu í gegnum þingið fyrir þinglok en það verður væntanlega lagt aftur fyrir þingið eftir sumarfrí.

- þj



Hjólað til góðs

Fótboltastjarnan Gylfi Sigurðsson styður hjólaferð Róberts Þórhallssonar um landið.

popp 26

Borgarinnan

Saga Jónsdóttir setur upp eigið leikverk á Akureyri.

tímamót 14




Óvissan um Aron eykst

Aron Pálmarsson hélt til Þýskalands í læknisskoðun í gær.

sport 22

veðrið í dag



LÉTTIR TIL SV-TIL Í dag má búast við norðan strekkingi vestantil en hægari vindi annars staðar. Horfur á lítilsháttar rigningu norðanlands en sunnan- og suðvestantil léttir heldur til er liður á daginn.

VEÐUR 4



MINNINGARATHÖFN Í VATNSMÝRINI Samband ungra jafnaðarmanna stóð fyrir minningarathöfn í Reykjavík í gærkvöld um fórnarlömb fjöldamorðanna í Noregi fyrir réttu ári. Meðal þeirra sem tóku þátt voru Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

Minningarathafnir í Noregi:

Fórnarlamba Breiviks minnst

NOREGUR Þúsundir manna komu saman í Ósló og á Úteyju í Noregi í gær og minntust fórnarlamba fjöldamorðanna þar á síðasta ári.

Jens Stoltenberg forsætisráðherra sagði fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik ekki hafa tekist ætlunarverk sitt, því Norðmenn hafi fylkt sér að baki þeim gildum sem hann ætlaði sér að ráðast gegn.

„Þúsundum saman hefur fólk svarað ofbeldinu með aukinni þátttöku,“ sagði Stoltenberg í ávarpi sínu á Úteyju. „Þau sem dóu koma aldrei aftur. En við skulum minnst þeirra með þakklæti,“ sagði hann.

Um kvöldið var svo efnt til úti-tónleika í Ósló til minningar um þá sem létust.

Anders Behring Breivik myrti alls 77 manns þann 22. júlí á síðasta ári. Dómsúrskurðar í máli hans er að vænta 24. ágúst.

- gb / sjá síðu 4

Sjö íslenskar stúlkur taka þátt í stóru atriði á vegum Lapal-dansskólans í London:

Dansa við setningu Ólympíuleikanna

FÓLK „Æfingarnar byrja núna eftir helgina og þá kemur þetta allt betur í ljós,“ segir Thelma Christel Kristjánsdóttir, sautján ára dansari sem mun taka þátt í stærðarinnar dansatriði við setningarathöfn Ólympíuleikanna í London á föstudagskvöld. Sex íslenskar stúlkur til viðbótar munu dansa í atriðinu.

Þátttakendur í atriðinu, alls ríflega hundrað manns, eru allir nemendur á sumarnámskeiði

Trinity Lapan-dansskólans í London og koma hvaðanæva að úr heiminum.

„Við erum mjög spenntar. Kyndillinn verður í Lapan á morgun og við erum að fara að sjá hann, þannig að þetta er allt mjög



THELMA CHRISTEL KRISTJÁNSDÓTTIR

skemmtilegt,“ segir Thelma, sem kveðst þó lítið vita um atriðið enn. „Maður fékk bara að vita að þetta væri fyrir opunarhátíðina á Ólympíuleikunum og hvenær æfingarnar yrðu.“

En mega vinir og vandamenn stelpnanna eiga von á að sjá þær í sjónvarpinu á föstudaginn? „Ég held að það sé nú ekkert rosalega líklegt – þetta eru auðvitað mjög margir dansarar – en maður veit aldrei.“


- sh

Væl gagnist tær


er færeyska og merkir hið sama og „verði þér að góðu“.



Knorr kemur með góða bragðið!



NÝ OG ENDURBÆTT KORTABÓK
60 landshlutakort og
40 þéttbýliskort



SPURNING DAGSINS



Þorbjörg, er Frúin í Hamborg þá búin með alla peningana?

„Já og nei. Svart og hvítt.“

Rekstri verslunarinnar Frúarinnar í Hamborg á Akureyri verður hætt um næstu helgi. Þorbjörg Halldórsdóttir er annar tveggja eigenda verslunarinnar sem náði ekki að standa undir kostnaði.

Vínsala á Hrafnistu verður að bíða breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur:

Fá ekki vínveitingaleyfi að sinni

SKIPULAGSMÁL „Það er formið sem setur okkur stólinn fyrir dyrnar,“ segir Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri Reykjavíkur, um breytingu á fyrri afgreiðslu embættis hennar á umsókn Hrafnistu um vínveitingaleyfi.

Fyrir tíu dögum sagði skipulagsstjóri engar skipulagslegar ástæður í vegi þess að Hrafnista fengi vínveitingaleyfi. Ólöf segir að þá hafi þau mannlegu mistök verið gerð að afgreiða umsóknina eins og Hrafnista stæði á þjónustu- og stofnanalóð. Svo sé hins vegar ekki því lóðin sé á skil-



ÓLÖF ÖRVARSDÓTTIR Ólöf segir að nú standi þó yfir endurskoðun á aðalskipulagi borgarinnar og við hana verði greindu íbúðasvæði. Eins og aðalskipulag Reykjavíkur sé í dag þurfi lóðir að vera sérmerktar sem þjónustu- og stofnanalóðir til þess að hægt sé að veita vínveitingaleyfi án breytinga. Eins og komið hefur fram verður nýr borðsalur opnaður á Hrafnistu í sumarlok og þar er meiningin að nýta vínveitingaleyfið. Nokkur töf verður á því. „Við reiknum með að endurskoðað aðalskipulag verði samþykkt fljótlega upp úr áramótum. Vonandi greiðist úr þessu sem fyrst,“ segir skipulagsstjóri.

Ráði fundarefni í fjárlaganefnd

SVEITARSTJÓRNIR Hreppsráð Rangárbings mótmælir því að fjárlaganefnd Alþingis skammti sveitarfélögum ákveðin afmörkuð málefni sem ræða má á fundum með nefndinni.

„Hreppsráð leggur til að sveitarfélög fái lengri tíma með nefndinni en áður hefur verið, þar sem stöðluð efnisatriði verði rædd en gerir einnig kröfu um að sveitarfélög sjálf velji sér þau umræðuefni og verkefni sem þau kjósa að ræða eins og verið hefur,“ segir í bókun ráðsins.



ÞJÓNUSTUHÚSIÐ Náttúrusteininn á að þrýða þetta hús.

Frestur fyrir þjónustuhús: Klætt steini á tveimur árum

VESTMANNAEYJAR Þjóðhátíðarnefndin í Vestmannaeyjum hefur fengið tveggja ára frest til að ganga endanlega frá nýja þjónustuhúsinu í Herjólfssdal. Bæjarstjórnin hafði sett ófrávíkjanleg skilyrði um að húsið verði klætt með náttúrusteini. Að auki á að klæða þak þess með grasi. Bæjarstjórnin kveðst hafa fullan skilning á því að þessar framkvæmdir séu bæði dýrar og tímafrekar og veitir þjóðhátíðarnefndinni áður nefndan frest.

Fjöldamorðin í Colorado: Flókið að gera búnað óvirkan

BANDARÍKIN, AP Tæknimenn lögreglunnar í Colorado voru í meira en sólarhring að gera óvirkan flókinn sprengjubúnað sem James Holmes hafði skilið eftir í íbúð sinni.

Við háskólann í Colorado er verið að kanna hvort Holmes, sem stundaði þar læknanám, hafi fengið sprengjubúnað sendan til sín í háskólann. Holmes drap 12 manns og særði 58 þegar hann réðst inn í kvikmyndasál í bænum Aurora á föstudag. Hann þótti iðinn við námið en hætti í skólanum mánuði fyrir árásina.

Hollenskur berggrisi í Almannagjánni

Hjólreiðatúr hollensks listamanns á Þingvöllum hefur aldeilis orðið honum góður innblástur. Blés hann einnig lífi í berggrisa í Almannagjá sem síðan mun koma fram í stuttmynd sem unnin er úr óvæntri Íslandsvöl Hollendingins.

MENNING „Mér fannst það bara alveg borðleggjandi að láta risa stíga út úr berginu, ég er jú á Íslandi þar sem tröll og ýmsar vættir ráða ríkjum,“ segir hollenski hreyfimyndaframleiðandinn Auke de Vries.

Hann gerði myndskleið þar sem berggrisi brýst út úr berginu í Almannagjá.

De Vries er einn þeirra listamanna sem haft hafa aðsetur í Gullkistunni á Laugarvatni. Gullkistan tekur á móti hundradasta listamanninum til dvalar í sumar.

Alda Sigurðardóttir, annar forsprakka Gullkistunnar, segir að oftast liggi margra ára undirbúningur að baki hjá listamönnum sem þangað komi frá öllum heimshornum. De Vries fékk skemmri fyrirvara en flestir, en hefur greinilega látið þetta óvænta ferðalag setja mark sitt á ferillinn.

„Ég var við nám í listaháskóla,“ rifjar de Vries upp. „Lokaverkefnið þar var stuttmyndin, „The Super Rope Solution“ sem síðan vann til fyrstu verðlauna á TENT kvikmyndahátíðinni og í verðlaun fékk ég þessa dvöl hjá Gullkistunni. Það var ekkert í kortunum að fara til Íslands en ég er hæstánægður að dvölina hérna.“

Listamenn Gullkistunnar hafa vinnuaðstöðu í gömlu fjósi við bæinn Eyvindartungu og segist de Vries kunna vel við sig þar meðal kollega sinna. En hann heldur ekki alltaf kyrru fyrir, til



BERGRISINN Á ÞINGVÖLLUM Menn þurfa ekki að hafa varann á þegar þeir eiga leið um Almannagjá því þessi birtist ekki nema með ihlutun Auke de Vries.

Myndefni frá Auke de Vries

Risinn á Þingvöllum: <http://www.youtube.com/watch?v=uF0ajO56iNI>

Brot af vinningsmyndinni sem kom Auke de Vries til Íslands: thesuperropesolution.com

sem hún vinnur jafnt með símfóni-ur, óperu og nýttiskulega raftónlist.

Fangelsisstjórinn ósáttur:

„Þyngri dómur en ég bjóst við“

DÓMSMÁL „Þetta er þyngri dómur en ég bjóst við,“ segir Geirmundur Vilhjálmsson, fyrrverandi fangelsisstjóri á Kvíabryggju, sem fyrir helgi var dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir að draga sér fé og muni frá fangelsinu, samtals að andvirði 1,6 milljóna. Fimm mánuðir refsingarinnar eru skil-orðsbundnir.



GEIRMUNDUR VILHJÁLMSOSSON

„Ég var dæmdur fyrir mikið fleira en ég átti von á,“ segir Geirmundur ósáttur. Hann heldur því fram að ýmis tæki og tól sem hann hafi verið dæmdur fyrir að draga sér hafi alltaf verið og séu enn að Kvíabryggju. Hann kveðst eiga eftir að setjast yfir dóminn með verjanda sínum og taka ákvörðun um hvort honum verði áfrýjað. Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari segir hins vegar að ekki standi til af hálfu Ríkissaksóknara að áfrýja.

Vandi Grikkja eykst:

Lagarde vill stöðva greiðslur

GRIKKLAND Christine Lagarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir ekki verjandi að veita Grikkjum meiri fjárhagsaðstoð.

Philipp Rösler, viðskiptaráðherra Þýskalands, segir þá tilhugsun ekki lengur hryllilega að Grikkland geti þurft að yfirgefa evrusvæðið.

Grikkir þurfa að fá frekari fjárhagsaðstoð í september til að geta greitt afborganir af lánnum.

Uppreisnarmenn í Sýrlandi bjartsýnir á að ná stærstu borg Sýrlands á vald sitt:

Hart barist í borgum landsins

SÝRLAND, AP Sýrlenskir uppreisnarmenn berjast nú gegn stjórnarherinum í Aleppo, stærstu borg landsins, og segjast bjartsýnir á að ná henni á vald sitt. Talið er að um þúsund uppreisnarmenn hafi ráðið inn í borgina en stjórnarherinn beitti bæði þryllum og þungavopnum.

Átök geisluðu einnig í höfuborginni Damaskus í gær, þar sem stjórnarherinn reynir að ná hverfum borgarinnar aftur úr höndum uppreisnarmanna.

Árásirnar á Aleppo benda til þess að uppreisnarmenn telji stöðu sína sterka, ekki síst eftir að nokkrir nánir samstarfsmenn Bashar al Assads forseta féllu í sjálfsvígsrás á vikunni.

Átök hafa á síðustu dögum verið að berast í æ ríkari mæli inn í stærstu borgir landsins, en hafa hingað til meira verið bundin við smærri borgir og dreifbýlli héruð.

Sýrlenska ríkissjónvarpið reyndi þó að gera sem minnst úr átökunum, sagði aðeins að stjórnarherinn væri að elta uppí hryðjuverkamenn og drepa þá í stórum stíl.

Átök in þessum mánuði hafa verið þau mannskæðustu frá upphafi í Sýrlandi. Mannréttinda-



ÁTÖK FLÓTTAMANNA Í TYRKLANDI Í sýrlenskum flóttamannabúðum í Tyrklandi kom til átaka við lögreglu í gær og yfirgáfu þá margir búðirnar.

samtök segja að nærri 20 þúsund manns hafi látið lífið í átökum frá því uppreisnin gegn Assad hófst snemma á síðasta ári. Þar af hafa átök in júlí nú þegar kostað nærri 2.800 manns lífið, eða álíka marga og létust í síðasta mánuði.

Leggðu nú við hlustir!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Tal


„Nilli, þú þarft ekkert að flýta þér, mamma getur horft í marga klukkutíma á Skype, 10 gígabæt, maður!“



10 GB Stærsta 3G net landsins 500 kr.

Tal kynnir til sögunnar niðurhal á stærsta **3G** neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel talað við mömmu á Skype í marga klukkutíma. Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á **www.tal.is**.

Svona á samband að vera.



Tal er á 3G neti Símans

Gott verð í dag

Núna kr. 2.390.000

Losnaðu við gamla bílinn

Núna er tækifærið að losna við þann gamla. Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda. Gerðu verðsamanburð. Komdu á Bíldshöfða 8.



Frítt í stæði

Gott verð í dag
2.390.000 kr.

Mazda2 Advance 5 dyra
1,3i bensín. 84 hö. Beinskiptur
Fáanlegur sjálfskiptur.

Eldsneytisnotkun 5,0 l/100 km
Koltvísýringur CO₂ 115g/km

Verð kr. 2.390.000

Mánaðargreiðsla kr. 25.744*

Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,55%

Tryggðu öryggi þitt – alltaf Kaupu Mazda2

Gerðu örugg kaup með Mazda:

Mazda2 er öruggur smábíll. 5 stjörnur í öryggisprófunum hjá EuroNCAP. Bilanatíðni Mazda er lág, rekstrarkostnaður lágur og hann er frábær í endursölu. Sportlegt útlit og góðir aksturseiginleikar veita öikumönnum öryggistilfinningu. Mazda er japönsk gæðavara. Kaupu örugga vöru. Komdu í Brimborg.

Fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi

Brimborg er vottaður þjónustuaðili Mazda á Íslandi. Sérfræðingar Mazda hjá Brimborg tryggja öryggi þitt með reglubundnu eftirliti og viðhaldi á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Brimborgar í dag. Vertu Mazda.

Komdu hingað
Mazda
Bíldshöfða 8
Opíð 9 til 17 í dag



Skoðaðu búnaðinn í Mazda2 Advance

Öryggi

- Öryggisþúðar í stýri og mælaborði
- Öryggisþúðar í hliðum framsæta
- Öryggisþúðatjöld í hliðum
- 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum
- ISO-fix barnabílastólafestingar
- ESP stöðugleikastýrikerfi
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun

- Styrktarbitar í hurðum
- Hæðarstillanleg öryggisbelti í frams.
- Hemlajós í afturrúðu
- Ræsitengd þjófavörn

Utan

- Fjarstýrð samlæsing
- Samlit hurðarhandföng
- Samlitir hliðarspeglar
- Krómaður stútur á pústi
- Rafdrifnir speglar

Sæti

- Tauáklæði
- Hæðarstilling á öikumannssæti
- Hiti í framsætum
- Fjölstillanlegt öikumannssæti

Hljómtæki

- Útvarp
- Tengir fyrir iPod og MP3 spilara
- Geislaspilari

- 4 hátalarar
- MP3 spilari
- Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki

Innrétting

- Glasahaldarar frammi
- Bæði sólskyggni með snyrtispegli
- Ljós í farangursrymi
- Klukka
- Innljós með dimmingu

- Farangurshlíf
- Teppi á gólf

Stjórnæki

- Loftkæling
- Frjókornasía í miðstöð
- Rafdrifnar rúður að framan
- Hæðarstillanlegt stýri
- Rafdrifrið vökvastýri

Nýttu þér gott verð á Mazda2 Advance í dag

Persónuleg fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi

Frábærir aksturseiginleikar - Fyrirmyndarþjónusta - Gott endursöluverð - Lág bilanatíðni - Hagstætt þjónustuverð - Frítt í stæði - Japönsk gæði - Frábærir í endursölu

Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 Reykjavík eða Tryggvabraut 5 Akureyri

Losnaðu við þann gamla í dag
Núna er tækifærið að losna við þann gamla og fá sér nýjan Mazda.

CAPRI-SONNE FOTBOLTAFFJÖR!

Finndu tákinn
og taktu þátt*



Vinningar:

50 x Samsung spjaldtölvur
100 x Wii Nintendo fjölskyldutölvur



SAMSUNG



Nintendo

*Í 10-pakk af Capri Sonne Orange er filma. Settu filmuna yfir hægra hornið á fernunni, finndu tákinn og taktu þátt á Capri-Sonne.com fyrir 31. júlí 2012.

Capri-Sonne
Náttúrlegt fjör!

Capri-Sonne

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir bróðir Victors Tchenguis?
2. Hvað heitir fyrrverandi fangelsisstjóri á Kvíabryggju, sem hlaut dóm fyrir brot í starfi?
3. Hvernig liti notaði Margrét Magnúsdóttir í ævintýramyndir sínar?

SVÖR:

1. Robert Tchenguis. 2. Gertinnur Vilfridsson. 3. Vaxli.

Obama Bandaríkjaforseti: Netárásir eru versta ógnin

BANDARÍKIN Netárásir eru alvarlegasta ógnin við öryggi og efnahag Bandaríkjanna. Þetta segir Barack Obama Bandaríkjaforseti í grein í Wall Street Journal á föstudag.



BARACK OBAMA

Erlend stjórnvöld, glæpangengi og einstaklingar rannsaka netvarnir Bandaríkjanna á hverjum degi. Ríkið þurfti að grípa til aðgerða til að auka öryggi og lágmarka hættuna af árásum.

Obama fer yfir það í grein sinni hvernig bankakreppa gæti skolið á ef ráðist yrði á bankana. Þá gæti árásum á heilbrigðiskerfið valdið gríðarlegu tjóni. Hann kynnti frumvarp að netöryggismálum í öldungadeildinni á föstudag. - þeb

Bilun í þvottavél í Danmörku: Mögulega 719 smitaðir af HIV og lifrabólgu

DANMÖRK Bilun í sérstakri þvottavél á sjúkrahúsinu í Slagelse í Danmörku gæti hugsanlega haft í för með sér að yfir sjö hundruð manns hafi smitast af HIV og lifrabólgu. Þetta kemur fram á vef Danske ríkisútvarpsins.

Bilunin í þvottavélinni gerði það að verkum að speglunartæki sem notuð voru við aðgerðir á maga og þörmum var ekki hreinsað nægilega. Talið er að bilunin hafi staðið yfir í níu mánuði og allir sjúklingar sem gengust undir aðgerðir með tækinu á þeim tíma geta þess vegna verið smitaðir.

Unnið er að því að hafa uppi á þessum sjúklingum til frekari rannsókna. - ktg

8

Segja hreindýr á Vestfjörðum geta beint verðmætum ferðamönnum hingað:

Vilja að ríkið hefji rannsóknir

DÝRALÍF Skotveiðifélag Íslands, Skotvís, skorar á hið opinbera að hefja rannsóknir á þeim áhrifum sem kynnu að fylgja því að koma hreindýrahjörðum til Vestfjarða.

Sigmar B. Hauksson, sem haft hefur forgöngu um málið, segir að málefnið hafi verið rætt ýtarlega og eftir standi að rannsaka hvort smithætta yrði þessu samfara og hvort dýrin myndu þrífast vel þar.

„Það eru gríðarlegir hagsmunir í húfi,“ segi hann. „Ferðamenskunnin vex ört fiskur um hrygg og verðmætustu ferðamennirnir eru þeir sem koma í laxveiði eða

hestamennsku. Laxinn skilar hér um 11 milljörðum á ári þannig að hreindýrin gætu nú aldeilis komið sér vel ef þau fengju að laða slíka ferðamenn í náttúrufegurðina fyrir vestan.“

Sigmar segir að Landbúnaðarstofnun eigi að hafa frumkvæði að rannsóknunum, en bendir á að sveitarfélögin á Vestfjörðum geti farið fram á að rannsóknir verði gerðar, sem og þingmenn einstakra kjördæma og umhverfisráðherra. Þá gætu umhverfisnefnd Alþingis og Umhverfisstofnun haft frumkvæði. - jse



Á AUSTFJÖRÐUM Skotvismenn segja flest benda til þess að hreindýr geti dafnað á Vestfjörðum eins vel og fyrir austan. MYND/MAGNÚS STEFÁNSSON

Danskur umferðarlagabráttur:

Tekinn tvisvar sama kvöldið

DANMÖRK Rúmlega fimmtugur Dani var tekinn fyrir ölvun við akstur í Kalundborg á Sjálandi á mánudagskvöld. Í ljós kom að hann hafði þegar verið sviptur ökuréttindum og tók lögregla bíl mannsins í sína vörslu.

Maðurinn lét sér þó ekki segjast og var hann tekinn öðru sinni um klukkustund síðar, þá á dráttarvél og, eins og gefur að skilja, enn ölvaður.

Manninum var síðar sleppt, en dráttarvélin fékk hann ekki með sér að sinni. - þj

Þrengt að botnvörpuveiðum

Framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt bann á veiðar botnsækinnar tegunda í Norðaustur-Atlantshafi. Það er liður í því að takmarka veiðar með botnvörpu í úthafinu. Framför segir fulltrúi umhverfissamtaka.

FRÉTTASKÝRING

Hvað þýðir ákvörðun ESB varðandi botnvörpuveiðar í úthafinu?

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) samþykkti á fimmtudag að banna veiðar ákveðinna fisktegunda utan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar í Norðaustur-Atlantshafinu. Tegundirnar eru allar því marki brenndar að vera botnsækni og hafa verið sóttar með botnvörpum.

Til skamms tíma var útlit fyrir að framkvæmdastjórnin legði til bann við botnvörpuveiðum í úthafinu, en vegna andstöðu ýmissa þjóða, sérstaklega Frakka, varð þessi raunin. Veiðibannið hefur svipaðar afleiðingar í för með sér, þar sem botnvarpan er notuð til sóknar á þessum tegundum.

Umræðan um skaðsemi botnvörpuveiða er ekki ný af nálinni og síðan árið 2004 hefur hún verið hávær í alþjóðasamfélaginu og var á dagskrá allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna það ár.

Fríðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ, segir þetta bann ekki hafa mikil áhrif hér á landi. Nánast ekkert sé um botnvörpuveiðar íslenskra skipa í úthafinu. „Við höfum verið með veiðar á Flæmingjagrunni, en þær hafa legið niðri undanfarnir ár þar sem ekki hefur verið nein afkoma af þeim.“

Fríðrik segir að íslenskir útvegsmenn séu ekki fylgjandi einhliða banni á botnvörpuveiðum, en styðji bann í viðkvæmum vistkerfum.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar vera sigur fyrir verndun ákveðinna vistkerfa á djúpsævi. „Sigurinn í þessu er að það er viðurkennt að þetta séu veiðar sem valda skemmdum.“

Hann bendir á ákvörðunin gildi aðeins utan 200 mílnanna, en hún sýni þó að ESB vilji vel í þessum efnum. Samningar gerist hins vegar erfiðari þegar komið er inn fyrir 200 mílurnar. Hann efast um að bannið muni hafa áhrif á sameiginlega fiskveiðistefnu ESB, sem er nú í endurskoðun. Þar muni hagsmunir einstakra ríkja verða ráðandi.

„Sigurinn í þessu er að það er viðurkennt að þetta séu veiðar sem valda skemmdum.“

ÁRNI FINNSSON
FORMAÐUR
NÁTTÚRUVERNDARSAMTAKA ÍSLANDS

Árni segir að lengi hafi verið reynt að koma stjórn á veiðar í úthafinu. Kveðið sé á um þær í Hafreittarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og úthafsveiðisamningi, en þar sé lítið að finna um verndun viðkvæmra svæða.

„Það er andstaða við botnvörpuveiðar víða í úthöfum þar sem þessi viðkvæmu vistkerfi eru, en þar hafa verið stundaðar stjórnlausar veiðar. Tilhneigingin hefur verið sú að koma á alþjóðlegum samningum um stjórnun veiða í úthafinu. Það var reynt í Ríó, en það gekk ekki upp,“ segir Árni og vísar þar til umhverfisráðstefnu SP í Ríó sem var í júní.

kolbeinn@frettabladid.is



ÚTHAFSVEIÐAR Úthafskarfi var veiddur á Reykjaneshrýgg með botnvörpu fyrir nokkrum árum. Þá var mikið kvartað undan sjóræningjaskipum undir hentifánunum og ekki óalgengt að skip lönduðu í þau. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Styrktar veiðar?

Umhverfissamtökin Greenpeace hafa fagnað mjög banni framkvæmdastjórnarinnar. Saskia Richartz, talsmaður samtakanna í fiskveiðum innan ESB, segir botnvörpuveiðar á djúpsævi vera þær skaðlegustu sem hægt er að stunda. „Tiltölulega fáir bátar hafa eyðilagt mörg viðkvæmstu og tegundaríkustu vistkerfi jarðarinnar og evrópskir skattgreiðendur borga brúsan.“

Með því vísar hún til undanþágu á eldsneytisskatta sem útgerð innan ESB nýtur og opinberra framlaga sem fara í endurnýjun fiskveiðiflotans. Greenpeace hefur áætlað að úthafsfloti Spánverja hafi fengið að minnsta kosti 142 milljónir evra í styrki frá 1996 til 2010. Þar sem rétt rúmlega 100 skip séu í flotanum þýði það um 90 þúsund evru árlegan styrk á hvert skip á tímabilinu.

Öryggishnappur sem bjargar Hjúkrunarfræðingar alltaf á vakt

Með öryggishnappi Öryggismiðstöðvarinnar færðu þráðlausan reykskynjara beintengdan stjórnstöð. Meiri þjónusta sem eykur öryggi þitt og þinna nánustu.

Það er einfalt og kostar ekkert að skipta um þjónustuaðila.

ÖRYGGI  VELFERÐ

Hringdu núna!

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

 ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN



Vertu vel tengdur í sumar með

iPad



Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt

iPad (3. kynslóð)

Stórkostlegur Retina skjár.
5MP iSight myndavél.
Ofurhröð þráðlaus tækni.

Wi-Fi Verð frá: **89.990.-**

Wi-Fi +3G Verð frá: **124.990.-**

iPad 2 Verð frá: **74.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.



Apple Smart Cover
Hlíf og standur fyrir iPad
Verð frá: **7.990.-**



Lavish connect stand
Hlíf og Bluetooth lyklaborð fyrir iPad
Verð: **16.990.-**



Elan folio slim
Hlíf og standur fyrir iPad
Verð frá: **7.990.-**



Bílfesting
Festing fyrir iPad á höfuðpúða
Verð: **7.990.-**

Smáralind

Opnunartímar
Virka daga 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is

Laugavegi 182

Opnunartímar
Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16
SSími 512 1300 | www.epli.is

epli.is

Ríkið verndaði fjárfesta á kostnað skattgreiðenda:

Óréttlæti

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) komst að þeirri niðurstöðu nýverið að kaup nýju bankanna þriggja á ónýtum skuldabréfum úr átta fjárfestingasjóðum, þar á meðal peningamarkaðssjóðum, væri samræmanleg EES-samningnum. Í niðurstöðu þeirra segir: „ESA lítur svo á að kaupin á skuldabréfasöfnunum, sem sýnilega höfðu skerst verulega í virði, hafi verið fjármögnuð af ríkisfjármunum og að ákvarðanirnar um kaupin megi rekja til íslenska ríkisins“. Síðar segist stofnunin „líta svo á að ráðstafanirnar sem hér um ræðir hafi verið nauðsynlegar til þess að endurbyggja traust á fjármálagæiranum. Í því tilliti voru úrræðin nauðsynleg og í samræmi við meðalhóf að því marki að skýla fjárfestum frá enn stærra tapi á sparifé sínu“.

SKOÐUN

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Peningamarkaðssjóðir keyptu skuldabréf í áhættusæknunum rekstri. Þeir skiluðu mun hærri ávöxtun á ári en innlán á árunum fyrir hrun. Þeir sem keyptu hlutdeildarskírteini í þeim voru því að leggja peninga sína undir til að reyna að græða meira hraðar. Fyrir utan bréf bankanna sjálfra voru meðal annars bréf frá Baugi, Stoðum/FL Group, Milestone, Samson, Atorku og Landic Property uppistaðan í stærstu sjóðunum. Þessi félag urðu gjaldþrota eða fóru í greiðslustöðvun nánast um leið og bankahrunið reid yfir. Skuldabréf þeirra eru í besta falli mjög verðliti.

Þetta vissu þeir stjórnendur bankanna sem höfðu yfirsýn yfir félagin, enda voru þau öll meðal stærstu skuldara þeirra. Samt var ákveðið að nýju bankarnir keyptu skuldabréf fyrir 82,2 milljarða króna út úr sjóðunum. Rúmlega 75 prósent þeirra voru keypt úr sjóðum Landsbankans, sem er að langstærstu leyti í eigu íslenska ríkisins. Vegna ákvörðunarinnar fengu þeir sem áttu hluti í peningamarkaðssjóðum 68,8 til 85,3 prósent eigna sinna til baka.

Rannsókn ESA byggði á kvörtun þriggja annarra fjármálagæranum sem nutu ekki sömu fyrirgreiðslu úr ríkissjóði þrátt fyrir að peningamarkaðssjóðir þeirra væru fullir af sömu nánast verðliti bréfunum. Ljóst er á niðurstöðu ESA að ekki var nauðsynlegt að skýla fjárfestum í þeim sjóðum frá enn stærra tapi á sparifé sínu.

Það er í raun ótrúlegt á hversu litlum jafnréttisgrundvelli það peningaskjól sem ríkið hefur boðið upp á eftir hrun hefur verið. Þegar öll innlán voru tryggð tók íslenska ríkið á sig nokkur þúsund milljarða króna ábyrgð á innlánunum. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að ef fimm milljón króna hámarksvernd hefði verið sett á innstæður þá hefðu skuldbinding ríkisins vegna þeirra verið 555 milljarðar króna miðað við umfang þeirra í maí 2008. Hefði slík aðferðarfræði orðið ofan á hefðu 95 prósent einstaklinga verið með allan sparnað sinn í vari. Sama hefði átt við um 90 prósent lögaðila. Stórir fjármagnseigendur hefðu verið látnir sitja uppi með stóran reikning. Þess í stað ábyrgðist ríkið eignir þeirra.

Samkvæmt niðurstöðu ESA voru kaup á ónýtum skuldabréfum úr peningamarkaðssjóðum líka ákvörðun stjórnvalda. Þau ákváðu því, með báðum þessum ákvörðunum, „að skýla fjárfestum frá enn stærra tapi á sparifé sínu“. Þetta gerðu þau á kostnað þeirra sem áttu lítið eða ekkert sparifé og gátu ekki tekið þátt í gullgrafaraævintýrum fyrir-hruns-áranna. Skattgreiðendur greiða reikninginn þótt einungis lítið brot þeirra hafi hagnast á ákvörðuninni. Það kann að vera samrýmanlegt við EES-löggjöf, en það er hvorki réttlátt né boðlegt.

Strákarnir

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, er ekki ýkja vinsæll meðal pólitískra andstæðinga sinna. Hann er raunar slíkur orðhákur að varla líður sá dagur að einhver kveinki sér ekki undan honum, hóti honum málsókn eða krefji hann um afsökunarbeiðni. Í gær var komið að félögnum Bjarna Benediktssyni og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni að fá það óþvegið frá Ólafsfirðingnum: „Strákarnir sem gegna formennsku í stjórnarandstöðuflokkunum hafa enn einu sinni

opinberað fávísku sína um fjármál ríkisins. Nú er það ríkisreikningur síðasta árs sem er þeim ofviðá ef marka má viðbrögð þeirra í fjölmiðlum,“ segir hann í blogg færslu.

Gott boð

Björn Valur heldur áfram og ýjar að því að „strákarnir í stjórnarandstöðunni“ beri ábyrgð á reikningnum himinháa sem féll á ríkið vegna SpKef – þeim hinum sama og sjálfstæðismenn telja að þurfi að rannsaka vegna

vinnubragða Steingríms J. Sigfússonar. Og að lokum býðst Björn Valur til að kenna „strákunum“ sitthvað um grunnhugtök í efnahagsmálum. Það er óvíst að þeir þekkist boðið.


Veruleikafirring

Þess ber að geta að Bjarni sagði nýverið að efnahagsstefna stjórnvalda væri veruleikafirring og gæti steypt þjóðinni í glötun. Það var hraustlega mælt. Og ekki hefur Sigmundur verið frægur fyrir stillingu í málflutningi. Svo að þeir ættu kannski ekki vera hissa á að tekið sé almennilega á þeim.

stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



Notendamiðað velferðarkerfi

Heilbrigðismál



Tryggvi Gíslason
stjórnarmaður í Hollvina-samtökum líknanstofnana

Har er einn af grunnsteinum samfélagsins. Alþingi hefur látið undir höfuð leggja að móta heildarstefnu í heilbrigðismálum við breyttar aðstæður: breytingar á búsetu, breytta atvinnu-hætti, breytt mataræði – og andspenis þeirri dýru en dýrmætu staðreynd að fólk lifir lengur. Nýir sjúkdómar hafa komið fram vegna breyttra samskipta og breyttra viðhorfa og breyttra lífn-aðarháttá. Mótun heildarstefnu í heilbrigðismálum er því knýjandi nauðsyn þar sem tillit er tekið til breyttra þarfa og breyttra viðhorfa undir kjörorðinu notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi.

Hollvinasamtök líkareilda undirbúa því ráðstefnu í Reykjavík 24. september um mótun heildarstefnu í heilbrigðismálum þjóðarinnar undir kjörorðinu notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi. Með því er átt við kerfi mótað í samráði við sjúka og aldraðra og aðstandendur þeirra á ábyrgð alþingismanna en ekki mótað af forstöðumönnum spítala og starfsfólki Heilbrigðis- og velferðarráðuneytisins. Gerð er krafa um að Alþingi móti heildarstefnu í heilbrigðismálum þjóðarinnar með tilliti til

þarfa notenda á grundvelli samráðs við sjúka og aldraða og aðstandendur þeirra.


Fyrirmynd notendamiðaðrar heilbrigðisþjónustu er áætlun Norðmanna sem nefnd er Samhandlingsreformen og byggð er á lögum frá 2011. Er áætlunin í samræmi við nýja stefnu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar. Samhandlingsreformen tók gildi í upphafi þessa árs og er ætlað að taka tillit til þarfa sjúklinga á öllum stigum. Lögd er áhersla á forvarnir fremur en „lagfæringar“, hjálp strax en ekki þegar allt er komið í eindaga, aukið samstarf stofnana innan heilbrigðiskerfisins, þjónustu nær fólkinu, samstarf sérhæfðrar þjónustu, fleiri verkefni til sveitarfélaga. Síðast en ekki síst er lögd áhersla á bættu þjónustu við sjúklinga með því að auka áhrif sjúklinganna sjálfra og aðstandenda þeirra: „bedre for pasientene - sterkere brukermedvirkning“, eins og þetta heitir á norsku.

Til ráðstefnunnar er boðið fulltrúum samtaka aðstandenda sjúkra og aldraðra, frjálsum samtökum um heilbrigðis- og velferðarmál, stéttarfélagum lækna og hjúkrunarfólks, fulltrúum sjúkrastofnana, heilsugæslustöðva og sveitarfélaga svo og alþingismönnum og ráðherrum.

OROBLU

ABC 40 den
Advanced Body Control
Aðhaldssokkabuxur

- A - Minnka ummál maga
- B - Móta vöxtinn
- C - Halda að og lyfta



Uppgjör við fortíðina

Ríkisfjármál

Oddný
Harðardóttir
fjármálaráðherra



Í síðustu viku kom út ríkisreikningur fyrir árið 2011. Margt er þar athyglisvert en tvennt ætla ég að nefna hér. Í fyrsta lagi náðist 8% raunlækkun á ríkisútgjöldum frá árinu á undan. Það verður að teljast mikilsverður árangur af því sem þjóðin hefur þurft að leggja á sig til að fjármagna hagstjórnarmistök fyrri ára. Þetta er einnig til marks um skynsemi þeirrar blönduðu leiðar niðurskurðar og skattkerfisbreytinga sem nauðsynlegar voru í kjölfar hrunsins. Blönduðu leiðinni hefur nú verið hampað af flestum sem um hana fjalla. Hún hefur forðað okkur frá óbærilegum niðurskurði í velferðarkerfinu sem ekki aðeins hefði haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem þurfa á þjónustu ríkisins að halda heldur hefði einnig haft mjög hamlandi áhrif á hagvöxt. Sá hagvöxtur sem við sjáum nú er meðal annars ávöxtur þessarar stefnu.

Í öðru lagi er í ríkisreikningi gjaldfærður einskiptiskostnaður sem stafar annars vegar af kostnaði við að tryggja innstæður viðskiptavina Sparisjóðsins í Keflavík og hins vegar vegna tímabærra tiltekta í eignasafni ríkisins. Þessar aðgerðir valda því að umtalsverð frávik eru frá fjárlögum 2011. Bókfærðir eignahlutir ríkisins í Nýsköpunarsjóði og Bygðastofnun voru færðir

niður að því sem raunsætt getur talist. Slíkir gjörningar eru í ríkisreikningum en ekki í fjárlagafrumvörpum því Alþingi tekur ekki ákvörðun um mat á eignum ríkisins.

Við gerð ríkisreiknings eru varúðarsjónarmið einnig höfð að leiðarljósi þegar eignarhlutir ríkisins í hlutafélögum sem skil að hafa góðri rekstrarafkomu eru ekki uppfærðir. Má þar t.d. nefna

falls sparisjóðanna mun skila niðurstöðum sínum í haust. Þá fáum við vonandi haldberar skýringar á orsökum þessa gríðarlega bakreiknings til skattgreiðenda sem fall Sparisjóðsins í Keflavík skilur eftir sig. Skýringar sem vonandi verða til þess að við fáum aldrei framari viðlíka bakreikninga. Síðustu stóru bakreikningar hrunsins hafa því vonandi borist, sér í lagi ef við leyfum okkur að

” Síðustu stóru bakreikningar hrunsins hafa því vonandi borist, sér í lagi ef við leyfum okkur að vænta jákvæðrar niðurstöðu úr Icesave-dómsmálinu.

eignarhlut ríkisins í Landsvirkjun en bókfært virði hans í ríkisreikningi er nú 60,5 milljarðar króna þó skráð eigið fé fyrirtækisins nemi 204,6 milljörðum króna.

Öllum mátti vera ljóst að kostnaður gæti fylgt því að tryggja innstæður í hinum fallna sparisjóði. Með fjárukalögum 2011 er fjármálaráðherra veitt heimild til að ganga frá uppgjöri og greiðslu til Landsbankans hf. vegna mismunar á eignum og innstæðuskuldbindingum SpKef sparisjóðs á grundvelli endanlegs eignarmats. Gerðardómur kvað upp bindandi úrskurð sinn hvað þetta varðar fyrir á þessu ári og því er upphæðin tilgreind nú í ríkisreikningi 2011.

Nefnd á vegum Alþingis sem rannsakar aðdraganda og orsakir

vænta jákvæðrar niðurstöðu úr Icesave dómssálinu.

Gert er ráð fyrir frumjöfnuði hjá ríkissjóði, það er jöfnuði tekna og gjalda án vaxtagjalda og vaxtatekna á þessu ári. Ráðgert er að heildarjöfnuður náist á árinu 2014. Þá mun ríkissjóður skila afgangi og möguleiki skapast til að hefja niðurgreiðslu lána. Þar með verður þeim gríðarlega vaxtakostnaði sem þjóðin greiðir nú vegna lána sem taka þurfti vegna efnahagshrunsins, breytt í aukna velferð.

Á síðustu árum hefur verið gert hreinsunarátak af öfmetnum eignum í ríkisreikningi sem nú sér fyrir endann á. Ríkisreikningur 2011 ber því öll einkenni ábyrgðar stjórnunar á ríkisfjármálum og heiðarlegs uppgjörs við fortíðina.

Hvenær lýkur vitleysunni?

Fjármál

Kristþór
Gunnarsson
framkvæmdastjóri
Ísafoldarprentsmiðju ehf.



Ég ætlaði hreinlega ekki að Étrúa mínum eigin eyrum, þegar mér var sagt að Framtakssjóður Íslands hefði selt Plastprent ehf. til Kvosar hf., móðurfélags Prentsmiðjunnar Odda. Fyrir örfáum mánuðum afskrifuðu Landsbankinn og Arion banki 5 milljarða af Kvos. Fyrir eigendur fengu að halda fyrirtækinu, með því að leggja fram 500 milljónir. Þ.e. fyrir hverja krónu sem eigendur lögðu fram voru 10 afskrifaðar.

Er Landsbankinn ekki stærsti eigandi Framtakssjóðsins á móti

dótturfélag þess, Landsprent. Árið 2009 komu nýir eigendur inn í félagið með 300 milljónir í nýtt hlutafé og Íslandsbanki lækkaði á móti skuldir félagsins um 4,6 milljarða. Aftur árið 2011, voru skuldir félagsins lækkaðar enn meira eða um 600 milljónir til viðbótar.

Ég er framkvæmdastjóri og einn af eigendum Ísafoldarprentsmiðju. Starfsmenn eiga 85% hlutafjár í fyrirtækinu. Ofangreind tvö fyrirtæki eru okkar stærstu keppinautar. Í dag er búið að afskrifa af þeim 10 milljarða.

Hvernig eigum við að bregðast við? Ísafoldarprentsmiðja fékk á sig gengishögg eins og svo mörg önnur íslensk fyrirtæki. Skuldir okkar tvöfölduðust. Greiðslufrestir okkar hjá erlendum birgjum hurfu. Við brugðumst strax við

” Heldur Framtakssjóðurinn að eigendur Kvosar séu betur í stakk búnir til að reka Plastprent í dag en þeir voru, þegar þeir ásamt öðrum sigldu því í strand?

lífeyrissjóðunum? Ég veit að þeir sem fengu að bjóða í Plastprent þurftu að sýna fram á 250 milljóna króna fjárfestingargetu. Hvernig gat Kvos hf. sýnt fram á slíka getu? Fyrirtæki sem var nýbúið að fá 5 milljarða niðurfellingu skulda? Þarfnast þetta ekki nánari skoðunar? Gagnsæi verður að vera til staðar, þannig að við sem skiljum ekki, sjáum hvernig töfrabrögðin eru framkvæmd.

Kvos var hluthafi í Plastprenti til ársins 2009, þegar Landsbankinn leysti félagið til sín. Þá var Þorgeir Baldursson, forstjóri Kvosar, búinn að vera í stjórn Plastprents í áraraðir. Heldur Framtakssjóðurinn að eigendur Kvosar séu betur í stakk búnir til að reka Plastprent í dag en þeir voru, þegar þeir ásamt öðrum sigldu því í strand?

Annað dæmi er Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, og

með ýmsum hagræðingaraðgerðum. Starfsfólkið tók á sig tímaþundnar launalækkningar, sem voru sem betur fer ekki í langan tíma og allir settu undir sig hausinn. Við munum borga allar okkar skuldir.

Núna þegar við erum að sjá fyrir endann á erfiðleikum, komin yfir erfiðasta hjallann, hvað mætir okkur þá? Keppinautar okkar sprækir og léttir á fæti, tilbúnir í slaginn við okkur. Búnir að losna við allar byrðarnar og tilbúnir í undirboð. Ekki þurfa þeir að gera ráð fyrir afskrifuðu milljörðunum í sínum útreikningum. Þær afskriftir hefur almenningur á Íslandi kokkleypt og allir halda að þetta sé bara „allt í lagi“.

Hvað ætlar Samkeppniseftirlitið að gera? Hvað ætlar viðskiptabanki okkar, Landsbankinn, að gera? Er þetta réttlæti? Eru þetta skilaboðin? Er þetta hinn nýi raunveruleiki?

AF NETINU

Mögnuð bjartsýni



Suðurland.

Þar eru líkurnar 65 á móti 35 að það rigni, - aðeins 35% líkur á því að það verði þurrt.

Góða veðrið, sem hefur verið nær hverja helgi í

sumar, var of gott til þess að það gæti haldið þannig áfram hverja helgina á fætur annari. Þeir sem héldu útisamkomur eða hátíðir þessarar helgar töpuðu því í þessu spili í þetta sinn, hvað sem verður næstu sumar.

Hátíðahaldarar á sunnanverðu landinu stunda afar tvísýnt fjárhættuspil ef þeir taka ekki töluna 35 á móti 65 með í reikninginn þegar þeir veðja á það verði þurrt.

omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson

Glæsilegt ca. 200 fm endaraðhús á flottum stað í grónu hverfi í Garðabæ. 4 svefnherbergi, rúmgóð forstofa, vel innréttað eldhús, snyrting og flott baðherbergi. Þvottahús, sjónvarpsherbergi, innangengt í bílskúr, góð stofa. Parket. Pallur með skjólveggjum og heitum potti. Flott eign á góðum stað. Verð 52 millj.

Upplýsingar veitir Bárður
H Tryggvason í 896-5221,
hringið, er alltaf við símann.



Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala · Síðumúla 27 · Sími:588-4477.

Guðjónsgata 2, Úthlíð, Bláskógabyggð.

Um er að ræða 64,7 fm sumarbústað á fallegri 8.286 fm leigulóð í Úthlíð. Við húsið er timburverönd með heitum potti. Húsið er byggt úr timbri árið



1993 og stendur á steiptum súlum. Að utan er húsið klætt með liggjandi klæðningu og er litað stallað járn á þaki. Bústaðurinn er klæddur að innan með panil á gólfum eru parket og dúkar. Innaf forstofu er dúklagt baðherbergi með sturtu. Tvö svefnherbergi auk þess er rúmgott svefnloft. Stofa og eldhús er opið í eitt og er upptekið loft þar, parket á gólfum. Dúklagt salerni m/ innréttingu. Hitaveita er á svæðinu. Lóðin er með frábæru útsýni, Hekla og Suðurland blasir við.



Steindór Guðmundsson, löggiltur fasteignasali
Sími 480-2900, steindor@log.is

**FÖNRPÁTTURINN
FIMMTUÐAGSKVÖLD
KL. 22**

SPORT
besta sætið

EIMSKIP
YFIR HAFI OG HEIM

ÖRNINN
LÖGFRAMA

Gull

Síminn

KPMG

SECURITAS

IL
ISLENSKA
LÖGFRAMA



ÍSLANDSMÓTIÐ Í HÖGGLEIK Í BEINNI

Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2 SPORT
HELGINA 28. - 29. JÚLÍ



SCHÜCO OPEN 2012

BUBBA WATSON

ÁSAMT NOKKRUM AF BESTU
KYLFINGUM HEIMS Í BEINNI

Schüco Open er einstakt golfmót sem fram fer í Hamburg í Þýskalandi. Meðal keppenda eru Bubba Watson, Martin Kaymer, Henrik Stenson, Geoff Ogilvy, Ian Poulter, Colin Montgomerie, Miguel Angel Jimenez og Edoardo Molinari.

SCHÜCO OPEN Í BEINNI SUNNUDAGINN 29. JÚLÍ KL. 11 Á STÖÐ 2 SPORT 3

Fasteignir

Vesturvör Kóp.- heil húseign til sölu



Glæsilegt og vandað atvinnuhúsnæði, 1806 fm.
með 6 stórar innkeyrsluhurðir,
358 fm vandað skrifstofupláss á 2.hæð.
1100 fm súlulaus salur með 6,3 mtr. lofthæð
og 6 stórum innkeyrsluhurðum.

Extra einangrað hús. Malbikuð lóð og góð bílastæði.
Mögulegt að skipta húsinu í 3 einingar. Afhending samkomulag.

Fyrirtækjasala Ísl. Sími: 520-3500 www.atv.is

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt
úrval íbúða til sölu
eða leigu!

**KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ
SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ
GAGNRÝNUM HÆTTI**

SAFT

www.saft.is

Heimili og skóli

HLUSTIÐ - TRÚIÐ - HLÝÐIÐ

Samningeðdon

X 97.7

SJÁÐU MYNDINA SEM ER AÐ SLÁ ÖLL AÐSÓKNARMET!

græna
ljósið
-betra bíó



„Bætir, hressir og kætir.“

- Haukur Viðar Alfreðsson, Fréttablaðið



„Heillandi leikur og falleg saga.“

- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið

25
ÞÚSUND
GESTIR!

BYGGÐ Á SANNRI SÖGU

François Cluzet Omar Sy
Intouchables

Kvikmynd eftir Olivier Nakache og Eric Toledano

SÝND ÁFRAM VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA Í HÁSKÓLABÍÓI OG LAUGARÁSBÍÓI

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. berjast, 6. persónufornafn, 8. vefnaðarvara, 9. tangi, 11. tveir eins, 12. mikilleiki, 14. vínblanda, 16. stór, 17. samstæða, 18. utanhúss, 20. bókstafur, 21. rella.


LÓÐRÉTT

1. stjórnarumdæmis, 3. tveir eins, 4. eldsneyti, 5. drulla, 7. tilgátu, 10. haf, 13. hljóð rjúpunar, 15. skældi, 16. hibi, 19. stöðug hreyfing.

LAUSN

LÁRÉTT: 1. lén, 3. tt, 4. jarðgas, 5. gæt, 6. hús, 7. rop, 8. nes, 9. hafi, 10. sár, 11. sár, 12. sár, 13. sár, 14. sár, 15. sár, 16. sár, 17. sár, 18. sár, 19. sár, 20. sár, 21. sár.

S A F T



RÆDDU UM ÞÁ
ÁHÆTTU SEM FYLGIR
ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

www.saft.is

Heimili og skóli
Landsmannafélagið

Börn á fjöll?

BAKÞANKAR
sr. Sigurðar
Árna
Þórðarsonar

Geta börn gengið Laugavegin, leiðina úr Landmannalaugum í Þórsmörk? Ég og kona mín kynntumst á fjöllum og erum í „essinu“ okkar á hálendinu. Við viljum því gjarnan leyfa sex ára drengjum okkar að njóta fjallendis Íslands. Er Laugavegurinn barnvænn? Gætum við borið drengina til byggða, ef þeir gæfust upp? Myndi slagviðri hugsanlega bólusetja þá fyrir lífs-tíð gagnvart fjallaferðum? Við tókum öll ákvörðun að gera tilraun og lögðum af stað inn í dýrðarríki friðlandsins að fjallabaki.



DRENGIRNIR örkuðu eftivæntingarfullir göngustíginn frá Landmannalaugum og upp í hraun. Bleiku, silfurlitu, svörtu, já, marglitu fjöllin heilluðu. Það var eins og Guð hafi verið í litastuði í sköpun þessa svæðis, sem er eiginlega sparistell Íslands. Hærra og hærra og fingerður smágróðurinn brosti við sól, fjöllum og ferðalöngum. Upp í snjó og svart Hrafninnusker. Sænskar kjötbollur voru matreiddar og svo var hlegið að skemmtilegum sögum. Þreyttir kútar féllu í fang pabba og mömmu og sváfu vært.

NÝR dagur, ný ganga, hverir, fannir og blómundur. Og drengirnir örkuðu með sinn bakpoka án þess að kvarta. Þegar þeir urðu svangir náðu þeir í samloku úr poka sínum og fengu sér vatnssopa. Svo var

haldið áfram og allt varð tilefni skoðunar. Við könnuðum snjóbrýr yfir læki og rannsókuðum volgrur, grjót og jurtir. Fegurð fjallageims læddist inn í karlana. Núvitundin varð alger í hinum risastóra helgidómi. Orkan var nægileg, en taka varð tillit til að áhugasvið barna er sumpart annað en hinna fullorönu.

SVO er gott að eiga tromp – gulrót – í erminni. Á hverju kvöldi gaf mamman drengjunum myndapakka með fótboltaþetjum. Klose, Ronaldo, Torres og Ibra eru vissulega kúnstugir fjallafélagar, en aðferðin virkaði. Hver dagsferð skilaði nýjum pakka. Og eftir kvöldmat þegar ferðafélagar hvíldust fóru strákarnir í fótbolta! Og fremur en að kenna þeim nöfn á einstökum fjöllum í friðlandinu vildu þeir, að ég upplýsti þá um boltatækni Robben og hvað það þýddi að Balotelli væri skrautfugl!

DRENGIRNIR gengu alla leið. Þeir eru hetjur og foreldrnir telja það afrek, að koma þeim glöðum til leiðarenda. Annar drengurinn sagði í Þórsmörk: „Ég er fjallamaður.“ Það er gott því gönguferðir stæla og veita jafnvel samhengi sjálfs í náttúru og gagnvart undri lífsins. Hvað mikilvægast á Laugavegsgöngunni var að eiga með barni sínu algerlega frátekinn tíma frá morgni til kvölds. Samfélagstíminn var ríkulegur og nándin mikil. Þannig sumarleyfi eru góð.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Vöruhúsaturn til sölu



Verðtilboð óskast í Weland vöruhúsaturn, árgerð 2007.

Helstu eiginleikar:

- Gólfhlötur: 9.2 m²
- Hillurými: 122 m²
- Hillufjöldi: 61
- Burðargeta hillu: 400 kg
- Tvöfalt tínslukerfi sem eykur hraða
- Aðgreiningarhólf fylgja
- Ýmsir möguleikar á auknu rými

Mál:

Breidd: 2,9 m
Dýpt: 3,2 m
Hæð: 7,2 m

Allar nánari upplýsingar veitir Haraldur í síma 824-3804 eða gegnum neffangið haraldur@ronning.is

ÚTSALAN

ER HAFIN

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR

Dressmann[®]

WWW.DRESSMANN.COM

AKUREYRI 4627800. KRINGLAN 5680800. SMÁRALIND 5659730. LAUGAVEGUR 5629730.



PÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR SÝNIR NÝTT VERK Úr skuggsjá er heiti nýs verks eftir Þórgunni Oddsdóttur sem sjá má í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi um þessar mundir. Verkið er það fjórða í röð vídeó-innsetninga gallerísins Kling & Bang sem sýndar verða þar í sumar. „Úr skuggsjá er skyggnilýsing. Sem er auðvitað orðaleikur. Og samt ekki,“ eins og segir í tilkynningu.

Dúettar og aríur á safni Sigurjóns

Söngkonurnar Elísabet Waage og Elín Ósk Óskarsdóttir og píanóleikarinn Peter Maté koma fram á þriðjudagstónleikum í Listasafni Sigurjóns annað kvöld. Á efnisskrá eru meðal annars dúettar og aríur eftir Jón Björnsson, Felix Mendelssohn, Johannes Brahms, Gioachino Rossini, Jacques Offenbach, Paolo Tosti, Franz Lehár og Léo Delibes.

Allir flytjendurnir eru vel þekktir fyrir framlag sitt í íslensku tónlistarlífi.

Tónleikarnir hefjast klukkan hálfnó og taka um klukkustund. Miðasala er við innganginn.

Tónleikar ★★★★★

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns.

Ari Þór Vilhjálmsson og Hrönn Þráinsdóttir.

Listasafn Sigurjóns 17. júlí.

Spennandi fiðluleikur

Notalegt er að fara á tónleika í Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Þeir eru haldnir á hverju þriðjudagskvöldi yfir sumarið. Tónleikarnir eru stuttir, þeir hefjast klukkan 20.30 og standa yfir í klukkutíma. Salurinn er mjög lítill, þar rúmast í kringum hundrað manns, get ég ímyndað mér. Þetta skapar skemmtilega nálægð við flytjendur. Maður er nánast kominn heim í stofu til þeirra að hlusta á þá spila eða syngja.

Að þessu sinni komu fram þau Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari. Ari kynnti dagskrána sjálfur, sem jók á heimilislega stemninguna. Fyrst spilað hann án Hrannar adagio-kafla og fúgu úr fyrstu sönótunni eftir Bach. Það var glæsilega gert, enda er Ari einn fimasti fiðluleikari landsins. Túlkunin var líflæg, snyrtilega byggð upp, með spennandi framvindu.

Hljómburðurinn var þó kannski ekki alveg heppilegur fyrir akkúrat þetta hljóðfæri. Einleiksverk Bachs þurfa nokkuð mikla endurómun til að þau njóti sín til fulls. Hér hefði þurft meira bergmál!

Næst á dagskrá var áttunda sönatan eftir Beethoven. Hrönn settist þá við flygilinn. Hún spilaði af festu og öryggi; samspil þeirra tveggja var nákvæmt. Trillur í píanóróddinni hefðu þó mátt vera skýrari, og sumar áherslurnar í öðrum þætti voru óþarflega hvassar. Tónhendingar hefðu líka almennt getað verið mótaðar af meira listfengi. En Ari spilaði fallega, af gríðarlegri fagmennsku og fjöri. Hann hélt uppi stuðinu.

Svípaða sögu er að segja um annað á dagskránni, sem var Hugleiðslan úr Souvenir d'un lieu cher eftir Tchaikovsky og Poeme eftir Chausson. Fiðluleikurinn var innblásinn og ástríðufullur, en það vantaði skáldskapinn í píanóleikinn.

Nú er ég ekki að segja að Hrönn sé slæmur píanóleikari. Það er hún alls ekki; þvert á móti sýndi hún í hvívetna að hún er örugg og fumlau. Sem er ekki svo lítið. En maður vill meira en bara að nóturnar séu á sínum stað. Klassísk tónlist er list andans og getur opnað dyr inn í annan heim – ef hún er vel flutt og af andríki.

Jónas Sen

Niðurstaða: Fiðluleikurinn var magnaður, en píanóleikurinn hefði mátt vera skáldlegri.



BEST HEPPNAD Uppsetning í Austursalnum á sýningunni Sumarið '74 er best heppnuð að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

SUMARLANGT SAMTAL

Myndlist ★★★★★

Sumarið '74

Gerður Helgadóttir og Svava Björnsdóttir

Gerðarsafn

Sumarið '74 er heiti sýningar með verkum myndhöggvaranna Gerðar Helgadóttur og Svövu Björnsdóttur í Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs, en safnið er einmitt kennt við þessa sömu Gerði.

Titill sýningarinnar er hlýlegur, rómantískur og spennandi. Það lýsir metnaði að gera sýningu út frá sögu eins og þeirri sem liggur hér að baki, það er samveru listakvenna í Frakklandi þegar Svava fór út til að gerast hjálparkokkur hjá Gerði sumarið '74. Sjálf var Svava á þessum tíma búin að leggja eigin myndlist á hilluna, en Gerður var störfum hlaðin, auk þess að vera orðin veikburða, en hún lést árið 1975 langt fyrir aldur fram.

Þegar sýningin er skoðuð, kemur fljótt í ljós að hugmyndin að baki sýningunni ber sýninguna sjálfa ofurlíði. Frásögn Svövu af kynnum hennar af Gerði í samtali við Guðbjörgu Kristjánsdóttur safnstjóra í vandaðri sýningarskránni, er áhugaverð og hlýleg, og fer með mann í ferðalag aftur í tímann, en gerir um leið sýninguna sjálfa að hálfgerðum auka-leikara í allri framkvæmdinni. Sýningin fjallar ekkert um sumarið '74 og er í raun bara hefðbundin samstilling tveggja listamanna sem eiga ekkert endilega margt annað sameiginlegt en að hafa eytt tíma saman þetta sumar. Þetta breytir því ekki að sýningin er þarna í safninu og verkum Gerðar og Svövu er raðað saman á mismunandi hátt.

Salirnir eru missterkir. Uppsetningin í Austursalnum er langbest heppnuð. Ekki bara vegna þess að verkin þar eru góð og áhugaverð, heldur er sá salur í meira jafnvægi en hinir og minna áreiti frá hlutum sem ekki tengjast myndlistinni sjálfri. Það er líka spurning hvort að ekki hefði mátt fækka verkum í Vestursalnum til að koma þar á betra jafnvægi.

Það kemur ýmislegt upp í hugann þegar maður rennir augum yfir austursalinn og áhugaverð verk Gerðar þar. Tengsl við frum-

stæða list og popplist eru vel sjáanleg í stóru lágmyndunum, en jafnframt hafa þau yfir sér eitt hvað nútímalegt yfirbragð. Gætu verið einhvers konar kerfi, eða geimstöðvar ef maður leyfir sér að fara í slíkan leiðangur í huganum. Í salnum eru líka lífræn verk eins og Góugróður, og einnig kosmísk verk með mikilli innbyggðri hreyfingu, eins og verkið Hrynjandi frá 1970. Mér finnst mikil samsvörun í stóru lágmyndunum við steindu gluggana hennar Gerðar sem margir kannast við, til dæmis úr Skálholti. Áköf línuteikning myndar þéttofinn og þrælsennandi vef, og það eina sem vantar eru litafletirnir inn á milli.

Svava Björnsdóttir á eitt verk í Austursalnum, Fata Morgana. Það hangir í miðju salarinn og kemur vel út með verkum Gerðar. Verkið samanstendur af litríkum keilum sem hanga neðan úr loftinu eins og hálfgerður órói. Kannski eru þau margir kannast við, til dæmis úr Skálholti. Áköf línuteikning myndar þéttofinn og þrælsennandi vef, og það eina sem vantar eru litafletirnir inn á milli.

Í Vestursalnum er greinilega verið að vinna með hina byggingafræðilegu vinkla í verkum beggja listakvenna, sem þó eru mjög ólíkir. Gerður með víravirkisturna en Svava með formræna strúktúra sem geta minnt á býflugnabú, pýramída eða stuðlabergshvolf, svo dæmi séu tekin. Í salnum eru líka járnverk eftir Gerði með litríkum steinum í miðjunni sem gætu vísað í forna tilbeiðslu og trúarbrögð.

Í salnum á neðstu hæðinni eru módernískir skúlptúrar Gerðar áhugaverðir, en salurinn er í heild sístur af þeim þremur.

Þóroddur Bjarnason

Niðurstaða: Rómantísk og spennandi hugmynd að sýningu, sem hefði verið hægt að vinna betur úr.

BÚTSÖG

26.900

RAFVÖRU MARKADURINN
VIÐ FELLSMÚLA
Sími: 585 2888

Pottpétt par!

Þegar leiðir þeirra lágu saman í fyrsta skipti hér á Íslandi, fyrir einhverjum 60 árum síðan þá vakti það sömu hughrif hjá öllum. Coca Cola og Prince Polo voru sköpuð fyrir hvort annað. Ekkert mun koma upp á milli þeirra. Enn þann dag í dag eru þau upphalds snarl-tvenna Íslendinga.

Dekraðu við þig, leyfðu þér að kynnst þessu einstaka pari. Coke og Prince – hleyptu ástinni inn fyrir varirnar og leyfðu henni að blómstra.

Nýr

A la Carte

Nýr 4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni

4ra rétta seðill

verð 7.860 kr.

NAUTA CARPACCIO
með parmesan, furuhnetum, balsamic hlaupi og kryddjurtarolíu

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

*** eða ***

LAMBAHRYGGUR
með grænertu-hvítlauks dregli,
gljáðu rôtargrænmeti og garðblóðbergssósu

BANANA OG SÚKKULADI "TART"
með ávöxtum, hindberjasósu og vanillúsú

Vissir þú?



5 best: Tables at the Top
The Pearl (Reykjavik), The Portrait
Restaurant (London), Sirrocco
(Bangkok), Tower Top (Zanzibar)
& Maison Blanche (Paris).

Independent Online



12 places to see
before you die
— No. 5, The Pearl

Modern Times



Top 10 world's
revolving restaurants
— No. 1, The Pearl

English CNTV



World's top
revolving restaurants
— No. 2, The Pearl

Travel+Leisure



Gjafabréf
Perlunnar

Góð gjöf við
öll tækifæri!

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is



SMÁRA BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ

HLUTI AF HVERJUM SELDUM BÍOMÍÐA ALLAN JÚLÍ - rennur til Barnahella

ÍSÖLD 4 HEIMSALFUHOPP 3B

ted wahlberg kurtis macdonald

SPIDER-MAN THE AMAZING SPIDER-MAN

INTOUCHABLES François Cluzet Omar Sy

WHAT TO EXPECT

LAUGARÁS BÍÓ NÁNAR Á MIÐJIS **5%**

ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL	KL. 3.40 - 5.50	L
ÍSÖLD 4 3D ENSK. ÓTEXT	KL. 8	L
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL	KL. 3.40 - 5.50	L
TED	KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20	12
TED LÚXUS	KL. 8 - 10.20	12
SPIDER-MAN 3D	KL. 5 - 8 - 10.50	10
SPIDER-MAN 3D LÚXUS	KL. 5	10
SPIDER-MAN 2D	KL. 10.10	10
WHAT TO EXPECT	KL. 8	L
PROMETHEUS 3D	KL. 10.25	16

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐJIS **5%**

ÍSÖLD 3D	KL. 6	L
TED	KL. 8 - 10	12
SPIDERMAN 3D	KL. 8 - 10.30	10
INTOUCHABLES	KL. 5.50	12



GRÓTTA Frosti Gnarr Stúdíó er staðsett úti á Gróttu og er nafn Grötta Zine dregið af því. Hér eru Hilmir Berg, Giuseppe Russo og Frosti Gnarr saman með fyrsta tölublaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gefa út einstakt smárit um list

„Við gáfum út fyrsta ritið um síðustu helgi og erum núna að undirbúa næsta,“ segir Frosti Gnarr einn þeirra sem standa að baki nýja smáritinu Grötta Zine, sem mun koma út hálfmánaðarlega og varpa ljósi á einn íslenskan listamann hverju sinni.

„Þetta er smárit eða það sem kallast á ensku „zine“,“ segir Frosti um ritið sem telur 36 blaðsíður í A5 broti. Hann er listrænn stjórnandi og forstjóri grafísku hönnunarstofunnar Frosti Gnarr Stúdíó, sem annast alla framleiðslu ritsins. Stofan varð að fullstarfandi

fyrirtæki í júní og er staðsett úti á Gróttu á Seltjarnarnesi en staðurinn er uppspretta nafns smáritsins. Auk Frostas annast Giuseppe Russo, framkvæmdastjóri stofunnar, framleiðslu blaðsins ásamt góðum hópi fólks.

Listamaður fyrstu útgáfunnar er Sigurður Angantýsson Hólm sem útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands sem grafískur hönnuður í vor. „Þetta verður þverfaglegt. Við ætlum að sýna verk eftir myndlistarmenn, grafísku hönnuði, tónlistarmenn og ljósmyndara. Við viljum ekki endilega festa okkur í mynd-

listinni heldur taka fyrir listamenn sem okkur finnst vera að gera eitthvað merkilegt eða sérstakt,“ segir Frosti og bætir við: „Þetta er tilraun til að gera eitthvað nýtt og spennandi fyrir menninguna.“

„Hver forsiða er einstök og handgerð,“ segir Frosti en upplag hvers tölublaðs er einungis 500 eintök og er hver forsiða handmáluð af listamanninum. Hægt er að kaupa ritið í fimm verslunum fyrir utan Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur og Eymundsson, sem gerði sölu-samning við stofuna á dögum.

-hpt

mid.is LAUGARÁS BÍÓ **5%**

Miðasala og nánari upplýsingar www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

TOPPHYNDIN Á ÍSLANDI Í DAGI

ted wahlberg kurtis macdonald

ÍSÖLD 4 HEIMSALFUHOPP

INTOUCHABLES 25.000 MANNSI!

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

TED	8, 10, 15
ÍSÖLD 4 HEIMSALFUHOPP 3D	4, 6 - ÍSL TAL
THE AMAZING SPIDER-MAN 3D	6
INTOUCHABLES - ÍSL TEXTI	4, 8, 9, 10, 20
MADAGASKAR 3 3D	4 - ÍSL TAL

SAMBÍÓIN SAMBIO.IS

CHANNING Tatum MATTHEW McConaughey

For besta a toppinn í Bandaríkjunum

family guy

ted wahlberg kurtis macdonald

FRUMSÝND 25. JÚLÍ STÆRSTA MYND ÁRSINS

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

MAGIC MIKE VINNAN Á KVÖLDIN HEFUR ALDREI VERIÐ JAFN SKEMMTILEG!

ÍSÖLD 4 HEIMSALFUHOPP

DREAM HOUSE DANIEL CRAIG ER MÁGNADUR Í DESSUM FRÁBÆRA DRILLER SEM KEMUR Á ÖVART!

MADAGASCAR 3 SÁU NAFA EITT T.A. HVERNIGU?

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

MAGIC MIKE	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
MAGIC MIKE VIP	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10	2D	VIP
ICE AGE 4 ÍSL.TAL	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	L
ICE AGE 4 ensku.Tal	kl. 8 - 10:10	3D	L
ICE AGE 4 ÍSL.TAL	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	2D	L
DREAMHOUSE	kl. 8 - 10:10	2D	16
CHERNOBYL DIARIES	kl. 10:30	2D	16
ROCK OF AGES	kl. 8	2D	12
MADAGASCAR 3 ÍSL.TAL	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	3D	L
MADAGASCAR 3 ÍSL.TAL	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D	L
SNOW WHITE	kl. 10:20	2D	12
UNDRALAND IBBA ÍSL.TAL	kl. 1:30	2D	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

Madagascar 3 M/ÍSL.TAL	kl. 6	3D	L
MAGIC MIKE	kl. 8 - 10:20	2D	12
LOL	kl. 6	2D	12
Dream House	kl. 8 - 10:20	2D	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

TED	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
MAGIC MIKE	kl. 8 - 9 - 10:30	2D	12
DREAMHOUSE	kl. 8 - 10:10	2D	16
ÍSÖLD 4 ÍSL.TAL	kl. 6	3D	L
ÍSÖLD 4 ENSK.TAL	kl. 7	2D	L
MADAGASCAR 3 ÍSL.TAL	kl. 6	2D	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

MAGIC MIKE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
DREAMHOUSE	kl. 8 - 10:10	2D	16
MADAGASCAR 3 ÍSL.TAL	kl. 5:50	3D	L
MADAGASCAR 3 ÍSL.TAL	kl. 5:50	2D	L
LOL	kl. 8	2D	12
ROCK OF AGES	kl. 10:10	2D	12

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

TED	kl. 8	2D	12
MAGIC MIKE	kl. 10:20	2D	12
DREAMHOUSE	kl. 8 - 10	2D	16

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

Tónlist ★★★★★

Innvortis

Reykjavík er ömurleg

Sena

Hressandi Húsavíkurpönk

Hljóm sveitin Innvortis var stofnuð í rokkbænum Húsavík árið 1996. Hún gaf út sína fyrstu plötu, Kemur & fer, tveimur árum seinna. Síðan hefur farið frekar lítið fyrir henni þó að hún hafi aldrei lagt upp laupana. Fjórtaán árum eftir frumsmíðina er plata númer tvö komin út.

Það eru sautján lög á Reykjavík er ömurleg, öll eftir söngvarann og gítarleikarann Snæbjörn Ragnarsson nema tvö. Snæbjörn er afkastamikill texta- og lagahöfundur og líka meðlimur í Skálmöld og Ljótú hálfvitunum. Tónlistin á Reykjavík er ömurleg er melódískt pönk, anno 2012. Innvortis er á svipuðum slóðum tónlistarlega og Morðingjarnir, en teygir sig stundum yfir í þungarokk og þjóðlagapönk. Textarnir eru líka í þönkuðum anda, fullir af grodda og húmor.

Það eru nokkur frábær lög hér, til dæmis titillagið, Reykjavík er ömurleg, sem er með skemmtilegu öskra-með viðlagi. Prautakóngur, Henging, Fínt að búa þar sem ég bý og Lyfin eru líka flott. Innvortis er þétt og kraftmikil rokkband, en mér finnst umslagði nú frekar ljótt.

Á heildina lítið er þetta skemmtileg rokkplata sem ætti að höfða til margra.

Trusti Júlíusson

Niðurstaða: Melódísk og kraftmikil pönkplata með skemmtilegum textum.

LYFJA - Lífið heil

+ 15% afsláttur af Panodil Zapp

Tilboðið gildir til 20. ágúst.

Panodil Zapp 500 mg PARACETAMOL 20 TABLETTER

Lægra verð í Lyfju

www.lyfja.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / mid.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

HEIMSRUMSÝNING! Frábær sálfræðiritillir í anda The Sixth Sense

ROBERT DE NIRO | SIGOURNEY WEAVER
RED LIGHTS

JACK BLACK SLÆR Í GEGN SEM
BERNIE

MÁNUDAGUR: RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ COOL CUTS: 101 REYKJAVÍK 18:00 ■ COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES 20:00 ■ COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS 22:00 ■ BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS) 22:00

BÍÓ PARADÍS - HEIMILI KVÍKMYNDANNA
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKA OG ELÐRI BORGARA.

FYRIR ÞÍNA HJÖRD!



KÁTIR KRAKKAR EINS OG ÞESSIR FÁ
GREINILEGA ALLT SEM ÞEIR VILJA!

5008 FRÁ
KR. 4.490.000

*Gildir meðan birgdir endast.

© 2012 Twentieth Century Fox Film Corporation. Allur réttur áskilinn - (Blue Sky) - Ice Age 4 TM & © 2012 Twentieth Century Fox Film Corporation. Allur réttur áskilinn -

ÍSÖLD 4
HEIMSÁLFUHOPP

Komdu og reynsluaktu sjö manna 5008 og sjáðu heiminn í nýju ljósi. 5008 er verðlaunuð, fimm stjörnu fjölskyldubíreið þar sem allir í fjölskyldunni eiga sitt upphaldssæti. Hver og einn með nægjanlegt rými til að njóta akstursins, hvort sem er í lengri eða styttri ferðum. Ný micro-Hybrid tækni tryggir Peugeot síðan lægri eldsneytiseyðslu sem dregur enn frekar úr lágum rekstrarkostnaði.

Allir þeir sem reynsluaka **Peugeot 5008** fá miða fyrir fjölskylduna á myndina **Ísöld 4 - Heimsálfuhopp***

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



Fjalla- og klifursport

10.890 kr.
Fjallahjálmur

29.990 kr.
Klifurlína 60m

14.900 kr.
Klifuraxir eitt verð - allar stærðir

7.720 kr.
Legghlífar

14.250 kr.
Snjóskóflur verð frá

3.880 kr.
Karabína

4.900 kr.
Hnífur í klifurbelti

16.680 kr.
Mannbroddar verð frá

7.720 kr.
TOP klifurbelti

14.430 kr.
Lumex Pro ljós 185Lm

2.490 kr.
Vatnsheld mp3 heyrmatól

4.400 kr.
Vatnshelt mp3 hulstur

GG-Sjósport

Topp vörur fyrir göngugarpa og áhugafólk um sjósport

BoLL bakpokar í úrvali

OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGS
frá kl. 10 - 18

18.900 kr.
Fyrir Esjuna: BoLL Trailhead 30L

34.900 kr.
Fyrir Laugavegin: BoLL Tower 48L

38.900 kr.
Fyrir Laugavegin: BoLL Tower 62L

48.900 kr.
Fyrir Hornstrandir: BoLL Phantom 75L

28.900 kr.
Fyrir Hnjúkinn: BoLL Ego Lite 37L Op 13

32.170 kr.
Fyrir Hnjúkinn: BoLL Ego Lite 47L Op 13

Sjósport

34.900 kr.
Mullion flotvinnugallar

14.900 kr.
Barnaskór og -hanskar í úrvali

64.900 kr.
GUL shadow þurrbúningar - einnig til í barnastærðum

17.900 kr.
GUL flísgalli

9.890 kr.
Björgunarvesti

29.900 kr.
Aquatic kajakavesti

21.790 kr.
Jet-Ski vesti

159.900 kr.
Islander Sit-On-Top veiðikajar kynningarartilboð

18.900 kr.
Seago uppblásanleg björgunarvesti verð frá

229.900 kr.
Valley Aquanut sjókaðar kynningarverð

179.900 kr.
Björgunarbátar fyrir skemmtibáta verð frá

GG-Sjósport

Súðavogi 42, 104 Reykjavík • sími: 571 1020 • www.ggsjosport.is

BoLL
MOUNTAIN & OUTDOOR GEAR

singing rock



577 7000

Rizzo Pizza

NÝTT Á RIZZO PIZZA
STÆRRI PIZZA AF MATSEÐLI, STÆRRI MARGARITA
OG BRAUÐSTANGIR MED SÓSU Á AÐEINS 2990 KR.

FJÖLSKYLDUTILBOÐ

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ



— NÝTT —

HÁDEGIS TILBOÐ

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI 1.380 KR.
STÆRRI PIZZA MED 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 1.190 KR.
MINNI PIZZA MED 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 790 KR.
STÆRRI MARGARITA 990 KR.

— PIZZAHLAÐBORÐ Á GRENSÁSVEGI Á 990 KR. FRÁ KL 11 - 15 —





„Mér finnst best að grilla nautakjöt og bý til mína eigin maríneringu og er með sérblandaðan vökva sem ég læt yfir kjötið á grillinu, sem er leynivopnið mitt í rauninni.“

Guðmundur Valur Víðarsson, meðlimur Radiant Games

Frá Séð og Heyrt í slúðrið

Lilja Katrín Gunnarsdóttir leikkona og fyrrum ritstjóri Séð og heyrt heldur úti bloggsíðunni Glys-borgin.wordpress.com þar sem hún segir fréttir af stjörnunum í Hollywood.

„Ég er í sumarfrí með dóttur minni og finnst mjög erfitt að hafa lítið fyrir stafni þannig að þetta er góð dægurstytting,“ segir Lilja Katrín. Hún nýtir tímann þegar dóttir hennar tekur sér hádegis-blund í skrifirnar og segir þær alls ekki svo tímafrekar. „Þegar dóttir mín lúrir þá kík ég á fræga fólk. Ég veit hvar ég finn nýjstu fréttirnar og því tekur þetta aðeins nokkrar mínútur og held-

ur mér inni í slúðrinu. Mér finnst gaman að dúllast í þessu þó ég vilji ekki endilega vinna við þetta.“

Aðspurð víðurkennir Lilja Katrín að þekking hennar á öllu sem viðkemur Hollywood sé umfangsmikil. „Ég veit alltof mikið um þetta fólk. Ég veit hvað börnin þeirra heita og hvað þau eru gömul. Kærastanum mínum finnst ég mjög skritin stundum,“ segir hún og hlær.

Innt eftir því hvort hún ætli að halda skrifunum áfram að sumarfríinu loknu segist Lilja Katrín ætla að gera það eins lengi og hún nennir. „Þetta er týpískt eitthvað sem maður gerir þar til maður

nennir ekki meiru. Ég er líka með annað blogg sem fjallar um bakstur og ég veit ekki hvort ég nenni að halda úti tveimur bloggum. Ég bloggaði einmitt þar í gær þannig að þú getur náð þér í uppskrift að hollustuköku,“ segir hún og beinir orðum sínum til blaðamanns.

Kökublogg Lilju má finna á slóðinni Liljakatrin.wordpress.com.

- sm

FYLGIST MEÐ HOLLYWOOD Lilja Katrín Gunnarsdóttir leikkona og fyrrum ritstjóri Séð og heyrt heldur úti bloggsíðu sem segir frá lífinu í Hollywood.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



STÓRLÆKKAÐ VERÐ
Á ÖLLUM FERÐAVÖGNUM

VERÐDÆMI:
PALOMINO PONY, 10 fet
Útsöluverð kr. 1.890.000.
Mán.greiðsla kr. 17.000*

PALOMINO ÚTSALA

* Forsendur Ergo: Mánaðarleg greiðslubýði miðast við bílasamning Ergo. 70% fjármögnun til 84 mánaða m.v. gullvildarkjör og 0,55% overþryggða vexti

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is



STÖRNUR Bæði Larissa Reis og Ronnie Coleman eru stórar stjórnur í heimi vaxtaræktar og fitness og eflast margir spenntir að fá að hitta þau hérlandis í nóvember.

HJALTI ÚRSUS: ÞAÐ ERU ALLTAF EINHVERJIR STÆLAR Í RONNIE COLEMAN

Hollywood-stjórnur fitnessheimsins koma til Íslands

„Þau eru bæði hálfgerðar Hollywood-stjórnur og með milljónir aðdáenda sem fylgjast með þeim í gegnum netið,“ segir kraftajötuninn Hjalti Úrsus um þau Ronnie Coleman og Larissu Reis sem eru væntanleg til landsins í nóvember. Þau koma hingað til að taka þátt í árlegu vörusýningunni Iceland Health and Fitness Expo sem Hjalti stendur fyrir ásamt Fitness Sporti.

Ronnie Coleman er mörgum kunnur, en hann er áttfaldur Herra Olympia og hefur auk þess unnið Arnold Classic-mótið og fjölda annarra. „Þegar Densel Washington og þessir kallar vitna í vaxtaræktarmann í myndum þá er það alltaf Ronnie. Hann er stærsta nafnið í þessum bransa strax á eftir Schwarzenegger sjálfum,“ segir

Hjalti og bætir við að hann sé mjög skemmtilegur karakter. „Hann gargar til dæmis oft „lightweight, lightweight“, þegar hann er að lyfta kannski 400 kílóum. Það eru alltaf einhverjir svona stælar í honum,“ segir Hjalti hlæjandi en Coleman er þekktur fyrir þessa stæla sína og skemmtilega frasa.

Larissa Reis er tvímælalaust sú heitasta í bransanum í dag en hún keppir í röð þeirra allra bestu í fitness og er með gríðarlega stóran aðdáendahóp. „Á bloggsíðunum hjá stelpunum sem eru í fitness má vel sjá að hún er mikil fyrirmynd hjá þeim. Hún er rosalega hörð, vöðvuð og flott en samt þannig að konur vilja vera eins og hún því hún er svo glæsileg,“ segir Hjalti. „Hún er alveg ótrúlega vinsæl og ég spái

því að hún eigi eftir að enda í Hollywood,“ bætir hann við. Á vörukynningunni mun Larissa bjóða upp á námskeið fyrir stelpur þar sem hún fer með þeim yfir hluti eins og þjálfun og mataræði.

Bæði lenda Ronnie og Larissa á landinu 7. nóvember og hún verður hér í fimm daga en hann í fjóra. Þau verða á sýningunni, sem heldin verður í Íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ helgina 10. til 11. nóvember, og gefst fólk þar kostur á að hitta þau að máli, fá hjá þeim eiginhandararitana og ná myndum af sér með þeim. „Heilsu-íðnaðurinn er orðinn svo rosalega stór hérlandis að það er frábært að geta búið fólk upp á að komast í kynni við svona stór nöfn,“ segir Hjalti.

tinnaros@frettabladid.is

KRYDDSMJÖR
tvær nýjar bragðtegundir!

NÝ BRAGÐTEGUND - SÍTRONA OG KARRÍ

NÝ BRAGÐTEGUND - BÉARNAISE

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Hjartastuðtæki
– vertu viðbúinn

Íslenskt tal leiðbeinir notanda um allar aðgerðir

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastuðtækjum frá Donnu. Samaritan PAD hjartastuðtæki kosta aðeins frá kr. 199.600 m/vsk.

Donna

Sími 555 3100
Sýnikennsla á www.donna.is

Gylfi Sig styður Hjóla-Róbert

„Ég ætla að hjóla eftir þjóðvegi eitt og þetta eru alls um 1.332 kílómetrar,“ segir Róbert Þórhallsson hjóla-kappi, sem leggur upp í hringferð um Ísland 7. ágúst til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna (SKB).

Róbert hefur fengið stuðning úr ýmsum áttum og er þegar búinn að fá gistingar-, bíla- og bensínstyrki svo dæmi séu nefnd. Hann hafði samband við Gylfa Sigurðsson fótballastjórnu og óskaði eftir stuðningi frá honum. „Ég fann hann á Facebook og sendi honum póst. Ég bjóst samt ekki við að fá svar þar sem ég myndi halda að innboxið hjá manni eins og Gylfa Sigurðssyni væri dálítið fullt,“ segir Róbert. Gylfi svaraði honum þó innan fárra daga og sagðist endilega vilja vera með ef hann mætti. Gylfi er nýbúinn að skrifa undir samning við fótballafélagið Tottenham og ætlar að leggja sitt af mörkum með að gefa eitt stykki áritaða Tottenham-treyju í söfnunina. „Hann er greinilega frábær einstaklingur,“ segir Róbert, sem sjálfur er Arsenal-maður en gæti samt vel hugsað sér að festa kaup á Tottenham-treyju merktri Gylfa. Treyjan verður gefin heppnum aðila sem er vinur Facebook-síðu Róberts, sem ber heitið 1332km.

Róbert gefur sér 10 daga til að



HJÓLA HRINGINN Róbert ætlar að hjóla eftir þjóðvegi 1 hringinn um landið og félagi hans Baldvín Sigurðsson fylgir honum eftir á bíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hjóla hringinn, en félagi hans Baldvín Sigurðsson fylgir honum eftir á bíl. Róbert er vel í stakk búinn fyrir ferðina og segist hjóla hvert sem hann fer. „Það er óþarfi að eiga bíl í svona lítilli borg,“ segir hann. Hægt er að styrkja átakið með því að hringja í styrktarnúmerið 9033001 til að gefa 1.000 krónur og 9033003 til að gefa 3.000 krónur. Allir peningarnir renna alveg óskiptir til SKB.

- trs



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Sérstakur á alla vegu

RAV4 SPECIAL EDITION



special edition

Við kynnum hinn sívinsæla RAV4 í nýrri viðhafnarútgáfu. RAV4 Special Edition býr ekki aðeins yfir öllum þeim kostum sem íslenskir öikumenn hafa kynnst í innanbæjar- og utanbæjarakstri á RAV4 í fjölda ára. Hann er jafnframt einstaklega vel útbúinn jepplingur og gerir drjúgum meira en að uppfylla kröfur þeirra sem vilja upplifa eitthvað alveg sérstakt. Með Rav4 Special Edition fylgir þessi aukabúnaður:

- Toyota Touch
- Bakkmyndavél
- Dráttarveisli
- Heilsársdekk
- Bluetooth
- Lyklalaust aðgengi
- Húddhlíf
- Aurhlífar
- Gluggavindhlífar

Verð 6.470.000 kr.*



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Rav4 Special Edition sjálfskiptur með 2.0l bensínvél. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Crowe vill ekki athygli

Starfsliðinu í kringum Noah, nýjstu kvikmynd Darrens Aronófsky, var boðið til sérstakrar forsjningar á nýjustu Batman-myndinni, The Dark Knight Rises, í Sambíóunum Egilshöll klukkan fjögur í gær. Fljótlega kvísaðist út að stórstirnin Russell Crowe og Anthony Hopkins mundu láta sjá sig á sýningunni og því biðu ljósmyndarar og myndatökumenn á staðnum þegar fólk mætti á staðinn. Biðin reyndist hins vegar til einskis því að hvorugur mætti og var sú skýring gefin að þeir vildu forðast sviðsljósið.



Hannes hittir Óttar

Lögfræðingurinn og rithöfundurinn Ragnar Jónasson hélt upp á afmælið sitt á föstudagskvöld með veglegri veislu. Á meðal gesta voru prófessorinn Hannes Hólmsteinn Gissurarson og rithöfundurinn Óttar Norðfjörð. Óttar hefur sem kunnugt er gefið út grínútgáfu af ævisögu Hannesar í nokkrum örpunnum bindum en þrátt fyrir það fór vel á með þeim og Hannes segist sjálfur hafa tekið Óttari vel — eins og öðrum.

- sh, afb



Mest lesið **vísir**

- 1 Norsk gildi sigruðu Breivik
- 2 Nöfn fórnarlamba birt
- 3 Skiptar skoðanir um málhöfðun vegna forseta...
- 4 Hvassast undir Eyjafjöllum í gær
- 5 Reglur um vökva framlengdar

Straumur
mánudagskvöld kl. 22

rekkjan

SÆNGURFATA ÚTSALA!

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI



ATH! AÐEINS Í NOKKRA DAGA!

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA SÆNGURFATNAÐI FRÁ 3.890 KR.



ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

BALFOUR PILLOW

Queen Size (153x203 cm.)
Fullt verð 226.067 kr.
NÚ 139.900 kr. 39% AFSLÁTTUR

ÁÐEINS 4 RÚM EFTIR!

BALFOUR PILLOW

- 3 svæða skipt 390 gorma Spine Support kerfi eitt reyndasta gormakerfið á markaðnum í dag.
- Leiserskorinn 5 svæða skiptur kaldsvampur og margslunginn poly fiber.
- Styrktir kantar.
- Stífur klæddur botn með fótum.

50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM

40% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM



rekkjan